

upphæðarinnar í þóknun, kr. 14.10 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem kemur heim við aukatekjulögin og lágmarks-gjaldskrá málaflutningsmannafélagsins kr. 238.10.

Stefnd hafa látið mæta, en hafa engum andmælum hreyft gegn framangreindum kröfum stefnanda, og þar sem stefnandi hefir lagt fram frumrit vixilsins með fram-sali til handhafa, svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

---

---

Föstudaginn 19. júní 1936.

**Nr. 140/1934. Steindór Einarsson**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Bæjarstjóra Hafnarfjarðar f. h. bæj-  
arsjóðs Hafnarfjarðar.**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Útsvarsmál.

*Úrskurður fúgetaréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar 10. sept. 1934:* Hið umbeðna lögtak nái fram að ganga á kostnað gerðarþola, en á ábyrgð gerðarbeiðanda.

### **Dómur hæstaréttar.**

Árið 1933 lagði Hafnarfjarðarkaupstaður útsvar að upphæð kr. 2200.00 á „Bifreiðastöð Steindórs í Hafnarfirði“, sem var eign áfrýjanda máls þessa, Steindórs Einarssonar bifreiðarstöðvareiganda í Reykjavík. Hafði verið lagt útsvar á stöð þessa í Hafnarfirði frá því 1923 og jafnan greitt ágreiningslaust, að því er virðist. Útsvarið frá 1933 kærði áfrýjandi til niðurrjöfnunarnefndar og síðar yfirskattanefndar til lækunar. Úrskurðaði yfirskattanefnd að útsvarið skyldi lækka um kr. 500.00, nið-

ur í kr. 1700.00. Er áfrýjandi greiddi ekki útsvarið á réttum tíma krafðist bæjargjaldkeri Hafnarfjarðar, að það yrði tekið lögtaki. Var lögtak byrjað hinn 13. apríl 1934, og fékk áfrýjandi þá frest, en við siðari fyrirtekt var ekki mætt af hans hálfu. Féll úrskurður í fógetarétti Hafnarfjarðar hinn 10. sept. 1934, samkvæmt kröfu stefnda, á þá leið, að hið umbeðna lögtak skyldi ná fram að ganga. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið hingað til réttarins og krafizt þess, að hann verði úr gildi felldur og að synjað verði um framgang lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti. Stefndur krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti.

Áfrýjandi reisir kröfu sína hér fyrir rétti á því, að starfræksla stöðvar hans í Hafnarfirði hafi ekki verið þess eðlis, að heimilt sé að leggja útsvar á hana sérstaklega. Um stöðvarreksturinn í Hafnarfirði er það hinsvegar upplýst, að hann fór fram í sérstöku húsnæði, sem leigt var til þeirrar notkunar, þótt ekki sé upplýst, hvort áfrýjandi sjálfur eða afgreiðslumaður hans í Hafnarfirði, hafi verið leigutaki, en leiguna, kr. 65.00 á mánuði, greiddi áfrýjandi. Á stöðinni hafði áfrýjandi fastráðinn afgreiðslumann, sem hann galt ákveðin mánaðarlaun, og ekki virðist hafa haft önnur störf með höndum. Var stöðin opin almenningi alla daga til almennra bifreiðarstöðvarviðskipta, þótt afgreiðslumaðurinn yrði að vísu að tala í síma við stöð áfrýjanda í Reykjavík og fá samþykki hennar, ef leigja skyldi bifreiðar í aðrar ferðir en til Reykjavíkur. Afgreiðslumaðurinn tók við fargjöldum og annaðist nauðsynlegt bókhald viðvirkjandi

stöðinni. Stöðin bar nafn áfrýjanda í heiti sínu og sími hennar var og á hans nafn. Verður að telja þannig lagaða starfrækslu áfrýjanda í Hafnarfirði hafa verið útsvarsskylda þar, samkv. 8. gr. a-lið útsvarslaga nr. 46/1926, en af því leiðir, að staðfesta ber hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð. Eftir málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við fyrirtekt máls þessa, 13. apríl þ. á., mætti fyrir hönd gerðarbeiðanda Ásgeir Guðmundsson, lögfræðingur í Reykjavík, og lagði fram nr. 1—2, lögtaksbeiðni ásamt útsvarsseðli.

Fyrir hönd gerðarþola mætti bifreiðarstöðvarstjóri Jón Ólafsson og samþykkti að gerðin færi hér fram, og það um frest til 24. s. m., og skjölin léð. Var það samþykkt og næsta réttarhald ákveðið þriðjud. 24. apríl þ. á. og málskjölin nr. 1—2 afhent umboðsmanni gerðarþola, en þá mætti fyrir hönd gerðarbeiðanda Arnljótur Jónsson, lögfr., Reykjavík, en af hálfu gerðarþola var enginn mættur, og það þá umboðsmaður gerðarbeiðanda um frest til 8. maí þ. á. til bókunar. — Gerðarþoli mætti þá eigi heldur eða neinn fyrir hans hönd og það þá umboðsmaður gerðarbeiðanda bókað:

„Ég, sem er mættur fyrir hönd bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, krefst þess, þar sem gerðarþoli hefir í tvö skipti eigi látið mæta í málinu, að úrskurður verði um það felldur, að hið umbeðna lögtak nái fram að ganga, og gerðarþoli skyldaður til að greiða kr. 1700.00 í útsvar fyrir árið 1933, lögmæltum dráttarvöxtum frá gjalddaga útsvarsins til greiðsludags, svo og allan kostnað við lögtakið.“

Lagði umboðsmaður gerðarbeiðanda svo málið undir  
urskurð.

Með því að gerðarþoli, að fengnum fresti, eigi hefir  
mætt eða látið mæta og eigi skilað aftur skjölum máls-  
ins, ber með hliðsjón af fyrirmælum N.L. 1—4—32 og  
tilskipunar 3. júní 1796, sbr. tilskipun 15. ágúst 1832, 8.  
gr., að taka kröfu gerðarbeiðanda um að lögtakið nái fram  
að ganga, til greina, en lögtakskostnaður ákveðst, er lög-  
takið fer fram, enda og krafa þar um óákveðin og ósund-  
urliðuð.

Mánudaginn 22. júní 1936.

Nr. 18/1935. Jón Guðmundsson (Th. B. Lindal)

gegn

Þorsteini Sigurðssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Mál um skaðabætur vegna samningsrofa.

*Dómur gestaréttar Reykjavíkur 5. jan. 1935:* Aðal-  
stefndir, Jón Guðmundsson og Jón Halldórsson, greiði í  
aðalsök báðir fyrir annan og annar fyrir báða aðalstefn-  
anda, Þorsteini Sigurðssyni, kr. 1958.96 með 5% ársvöxt-  
um frá 14. maí 1934 til greiðsludags og kr. 150.00 í máls-  
kostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms  
þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Gagnstefndur skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda,  
Jóns Guðmundssonar, í gagnsök og falli málskostnaður í  
henni niður.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæsta-  
réttar með stefnu, útgefinni 11. febr. 1935, hefir  
gert þessar kröfur:

Í aðalsök, *aðallega*, að hann verði algerlega sýkn-  
aður af kröfum stefnda, en *til vara*, að hann verði